

Umhverfis- og samgönguráð

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. september 2022  
**USK22080134**

**Efni: Umsögn um tillögu Flokks fólksins um að bjóða út sorphirðu US220176**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. ágúst sl. var lögð fram að nýju og vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að bjóða út sorphirðu, sbr. 54. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022.

*„Tillaga Flokks fólksins um að bjóða út sorphirðu í pósthúmeri og kanna hagkvæmni á að bjóða út þjónustu við djúpgáma Öll sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu og er ekki að sjá annað en að slíkt hafi reynst vel. Flokkur fólksins leggur til að SORPA kanni ávinning þess að bjóða út sorphirðu með því að bjóða út sorphirðu í einu af pósthúmerum Reykjavíkur. Flokkur fólksins leggur til að gerð verði hagkvæmisúttekt á þjónustu við djúpgáma með þeim tækjum og tólum sem til þess þarf en SORPA hyggst sjálf þjónusta djúpgáma. Flokkur fólksins bendir í þessu sambandi á skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna frá 2016 "Competition in the Waste Management Sector. Preparing for a Circular Economy". Löngu er tímabært að auka flokkun á söfnunarstað en í þessu stóra verkefni þarf að huga að kostnaði. Það er skylda sveitarfélags að fara vel með fjármagn, útsvar borgarbúa og finna ávallt hagkvæmustu leiðirnar. Í þessu stóra verkefni er ekki að sjá að kannað hafi verið hvort hagkvæmara sé að bjóða út einstök verk og verkefni eins og flest önnur sveitarfélög hafa gert. Þetta gagnrýnir fulltrúi Flokks fólksins.“*

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða:

Í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins gættir enn grundvallar misskilnings á framkvæmd úrgangsstjórnunar á höfuðborgarsvæðinu. Greitt var úr þeim misskilningi í nýlegu svari skrifstofu umhverfisgæða við sambærilegri fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins dags. 11. febrúar 2022 (USK21120142/R2110272) sem lögð var fram í Borgarráði. Einnig má finna upplýsingar um hlutverk Reykjavíkurborgar í úrgangsstjórnunar á vef borgarinnar eða leita til skrifstofunnar til frekari útskýringa sé þess þörf. Um hvort farið verði í útboð á sorphirðu að hluta eða öllu leyti er því stefnumótandi ákvörðun tekin er af kjörnum fulltrúum Reykjavíkurborgar, en ekki byggðasamlagsins SORPU bs. eins og fyrirspyrjandi gerir ráð fyrir.

Í fyrra svari, sem vísað er til hér að framan, var bent á að meðaltalskostnaður á heimili er sambærilegur og í nágrennasveitarfélögum. Sé li ti ðil fjölbýlisem er yfir 80% er af íbúðarhúsnæði í borginni verður sá samburður hagstæðari fyri Reykjavíkurborg þar sem íbúar greiða gjöld sem



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

hlutfall af stærð húsnæðis sem verður alltaf lægra en fast gjald per íbúð. Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag á landinu hefur árum saman innheimt sorphirðugjöld í anda „borgað þegar hent er“ sem er krafa sem kom inn í breytingu á úrgangslöggjöf á árinu 2021. Sveitarfélögum ber lögum samkvæmt að innheimta gjald sem nemur raunkostnaði fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Það er ekkert sem bendir til þess að þessi gjöld séu lægri í nágrannasveitarfélögunum.

Lagt er til að tillögunni verði hafnað.

Friðrik K. Gunnarsson  
skrifstofu umhverfisgæða

